

Hjólreiðaping HRÍ 1. mars 2025 kl. 14.00 - Fundargerð

- a. Bjarni Már Svavarson formaður HRÍ setur Hjólreiðaping ársins 2025.
- b. Kosning þingforseta, Bjarni leggur til að Valdimar Leó Friðriksson verði kjörin þingforseti. Tillaga samþykkt af þingi með lófaklappi. Telst boðun til þings löglegt skv. Lögum sambandsins.
- c. Kosið er í kjörbréfanefnd þar sem Þórdís Einarsdóttir, Guðfinnur Hilmarsson og Hulda Geirsdóttir voru kosin.
- d. Kosning þingritara, Björgvin Jónsson er tilnefndur og samþykktur af þingi.
- e. Bjarni formaður gefur skýrslu fráfarandi stjórnar fyrir starfsárið 2024.
- f. Kjörbréfanefnd gerir engar athugasemdir við framkomin kjörbréf. Samtals eru 14 atkvæði sem komin eru fram.
- g. Hjalti G. Hjartarson stjórnarmaður og formaður landsliðs- og afreksnefndar fer yfir starf nefndarinnar fyrir árið 2024 sem og helstu verkefni ársins 2025.

Breytingar hafa verð í nefndinni og þakkar Hjalti sérstaklega starfi Björgvins Tómassonar fyrir hans starf í nefndinni seinustu ár. Ný nefnd skipa þau Börkur Smári Kristinsson, Bjarki Bjarnason, Ása G. Ásgeirsdóttir og Hjalti G. Hjartarsson. Hjalti fór einnig yfir áherslu breytingu vegna ráðningu á landsliðsþjálfara í stað þess skipulags sem áður var þegar afreksstjóri var í starfi. Nýr landsliðsþjálfari var ráðin til að sjá um fyrir sambandið bæði fjallahjóra- sem og götuhjólaverkefni sambandsins. Conor Campell hefur verið ráðinn til verkefnisins en víðtæk reynsla hans og menntun gerir hann hæfan í að sinna báðum þessum hópum hjólara.

Aðalverkefni þessa árs verða Smáþjóðaleikarnir þar sem við erum að senda stóran hóp út til þátttöku í þeim sem verða í Andorra í seinni hluta maí mánaðar. Þar munum við taka þátt í götuhjólreiðum, tímatöku og Ólympískum fjallahjólreiðum.

Þolprófs rannsóknirnar sem við fórum í byrjun árs voru ein þau veigamestu styrktar- og þolprófsmælingar sem í boði hafa verið fyrir íslenskt afreksíþróttafólk. Slíkar tölulegar rannsóknir eru verklag sem við munu halda áfram að nýta okkur í okkar vinnu á næstunni. Æfingaferðir eru á dagskrá sem undirbúningur fyrir Smáþjóðaleikana. Götuhjólafólkið okkar er að fara til æfingaferð til Denia 22. mars til 29. mars. Fjallahjóláhópurinn mun svo fara í æfingabúðir í apríl til Írlands.

Okkar aðalmarkmið næstu 4 árin eru þau að finna einstaklinga sem hafa burði til að fara á og keppa á Ólympíuleikum í framtíðinni.

h. Ólafur Aron Haraldsson gjaldkeri leggur fram skoðaða ársreikninga HRÍ fyrir starfsárið 2024. Nokkrar spurningar komu fram úr sal. Ársreikningar ársins eru samþykktir samhljóða af þinginu.

i. Ólafur gjaldkeri fer lauslega yfir Fjárhagsáætlun stjórnar vegna ársins 2025. Fjárhagsáætlunin er samþykkt samhljóða af þinginu.

j. Önnur mál

Viðar Kristinsson formaður stjórnar Vestra útskýrir starf þeirra á Ísafirði þar sem þeirra fókus er á þjálfun yngstu krakkanna og möguleikanum á að gefa þeim tækifæri að æfa hjólreiðar af krafti og æfa hjólreiðar sem aðal íþróttagrein. Einnig er hann að íhuga varðandi möguleika þess fyrir krakka að fá hjólreiðaæfingar og ástundun metna inn til náms í skólum.

Einnig spynnast umræður um skilgreiningarnar ÍSÍ á „iðkenda“ og einnig varðandi útborgun lottó á tekna á grundvelli fjölda iðkenda félaga.

k. Kosningar til stjórnar, formanns og kjörnefndar.

Til framboðs í stjórn til tveggja ára eru þeir Jóhann Arnór Elíasson og Viðar Kristinsson, formaður stjórnar Vestra og eru þeir báðir sjálfkjörnir í stjórn. Fundurinn felur stjórn það verkefni að finna einn aðila til viðbótar til að setjast í stjórn sambandsins til eins árs.

l. Kosning Kjörnefndar.

Guðfinnur Hilmarsson úr Tindi, Þórdís Einarsdóttir frá HFR og Hulda Geirdóttir úr Hjólreiðafélagi Vesturlands voru endurkjörin fyrir Hjólreiðafélags næsta árs.

m. Hannes A. Hannesson og Gunnlaugur Þráinsson báðir Víkingi eru tilnefndir sem skoðunar menn reikninga næsta árs og endurkosnir með lófataki.

n. Kosning á fulltrúum sambandsins á Íþróttapeing ÍSÍ er falið stjórn að ákveða HRÍ.

Valdimar ber kveðju frá formanni ÍSÍ og framkvæmdastjóra ÍSÍ til fundarins. Ekki náðist að finna neinn úr framkvæmdastjórn ÍSÍ til að mæta á fundinn í ár.

i. Bjarni Svavarsson slítur þingi kl. 15.40.